

*bænda*  
FERÐIR

## LITADÝRÐ Í LISSABON & PORTO



**13. – 24. september 2026**  
**Fararstjórn: Þórhallur Vilhjálmsson**

Sumar 29  
Portúgal

## Ferðalýsing

Í þessari glæsilegu ferð til **Portúgal** höldum við til litríku borganna Lissabon og Porto ásamt fleiri tilkomumiklum áfangastöðum í þessu dásamlega landi. Ferðin hefst í **Lissabon** sem oft er kölluð hvíta borgin á sjö hæðum. Borgin er með fallettri höfuðborgum Evrópu og sannkölluð paradís ferðalangansins. Ævintýrabærinn **Sintra** og heillandi þorpið **Cascais**, sem er einn vinsælasti áfangastaðurinn við portúgölsku ströndina, taka á móti okkur í allri sinni dýrð. Nú bíður okkar **Évora** sem er fræg fyrir sína fjölbreyttu byggingarstíla og er á heimsminjaskrá UNESCO. Við höldum svo áfram til **Óbidos** sem er þekktur fyrir vel varðveittan miðaldabæ og borgarmúra og því næst til háskólaborgarinnar **Coimbra**. Nú bíður hin dásamlega **Porto**, sem staðsett er við mynni Duoro fljótsins og er ein af fegurstu borgum Íberískagans. Á leið þangað verður að í yndislega bænum **Aveiro** en það er upplifun að rölta um við Aveiro lónið þar sem falleg, litskrúðug hús við síki borgarinnar láta mikið yfir sér. Ævintýri gerast enn, nú verður ekið inn í **Douro dalinn** sem er rómaður fyrir fegurð og farið í töfrandi siglingu á Douro ánni. Einnig verður komið til borgarinnar **Braga** sem er kölluð Róm Portúgals og til fyrstu höfuðborgar landsins, **Guimarães** sem er yndisleg borg og ein af perlum landsins. Porto er þekkt fyrir fagrar barokkirkjur, granítarkitektúr og sína frægu járnbrautarstöð frá árinu 1896. Bæði í Porto og Lissabon gefst frjáls tími til að skoða sig um á eigin vegum og að sjálfsögðu verður smakkað á hinu fræga **púrtvíni** heimamanna í Porto.

**12 dagar | 11 nætur**

5 nætur Lissabon | 1 nótt Coimbra | 5 nætur Porto



### 13. september | Flug til Lissabon

Brottför frá Keflavík með Icelandair kl. 16:00 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Lissabon kl. 21:20 að staðartíma. Gist í fimm nætur á góðu hóteli í Lissabon. Kvöldverður á eigin vegum.

### 14. september | Skoðunarferð um Lissabon

Dagurinn í dag er tileinkaður höfuðborg Portúgals, Lissabon. Hún er stærsta borg landsins og er réttilega lýst sem einni af falletgustu stórborgum Evrópu. Við förum í skoðunarferð með rútu og sjáum helstu kennileiti og merka minnisvarða borgarinnar. Þar má meðal annars nefna 15. aldar turninn Torre de Belém sem er eitt frægasta kennileiti Lissabon. Einnig glæsilegt minnismerki um landvinninga Portúgals, Padrão dos Descobrimentos. Við keyrum rauðu 25. apríl brúnna sem liggur yfir Tagus ánnu og skoðum hina gríðarstóru Kristsstyttu sem þar stendur, þaðan er líka glæsilegt útsýni yfir borgina. Við höldum áfram með fram höfninni til Praça do Comércio



en þar stóð konungshöllin fram að jarðskjálfta sem varð neðansjávar árið 1755. Við göngum um litríka Alfama hverfið sem tekur á móti okkur með sínum heillandi, hlykkjóttu götum og litlu torgum þar sem tíminn virðist hafa staðið í stað, enda er þetta eitt elsta hverfi Lissabon. Sá sem heimsækir Lisbon má alls ekki fara þaðan án þess að smakka pastel de nata, litlu eggjakremstartaletturnar sem má segja að sé þjóðareftirréttur Portúgala, og við endum þessa skemmtilegu skoðunarferð á að smakka. Kvöldverður á eigin vegum.

### 15. september | Frjáls dagur í Lissabon

Það er kærkomið að fá frjálsan dag og kynnast þessari fallegu borg betur á eigin vegum. Upplagt er að taka spurvagninn gula, sem er eitt af helstu táknum Lissabon, og fara um hæðir borgarinnar og skoða gamla miðbæinn. Eins er áhugavert að heimsækja National Pantheon, sem var frá 16. öld hefðbundin kirkja en var árið 1916 breytt í undurfagurt hvelft grafhýsi, sem margir telja fallegustu byggingu Portúgals. Í miðbænum má finna hið fræga bakarí, Pasteis de Belem frá árinu 1837, en það þykir eitt besta pastel de nata bakaríið í Lissabon. Kvöldverður á eigin vegum.



### 16. september | Sintra, höllina Quinta da Regaleira & Cascais



Á þessu ljúfa degi ætlum við að heimsækja ævintýralega bæinn Sintra en þar finnst manni eins og tíminn hafi staðið kyrr. Lord Byron lýsti þessu fallega portúgalska þorpi sem dýrðlegum Edengarði, kannski vegna gróðursins í kringum það, mosapöktum steinum eða kröftugum vínviðarplöntum sem vefja sig um trjágróðurinn. Sintra er kominn á heimsminjaskrá UNESCO vegna menningarlegra og sögulegra auðlegða,

minja og fjölbreytttra byggingarstíla. Við skoðum okkur um í bænum og skoðum höllina Quinta da Regaleira sem reist var í upphafi 20. aldar. Eftir það verður ekið í heillandi þorpið Cascais, einn vinsælasta áfangastaðinn við portúgölsku ströndina. Cascais er þekkt fyrir þröngar, fallegar götur, aðlaðandi strendur og ríka sögu sem gamalt sjávarþorp. Hér verður frjáls tími til að fá sér hádegishressingu á veitingastað við ströndina og eftir það förum við í stutta göngu um bæinn til að kynnast sögu og menningu bæjarins. Kvöldverður á eigin vegum.

### 17. september | Évora & Fado kvöld með kvöldverði

Eftir góðan morgunverð verður stefnan tekin á borgina Évora en gamli hluti hennar er á heimsminjaskrá UNESCO fyrir fjölbreytta og listræna byggingarstíla mismunandi tímabila. Við röltum um gamla bæinn og heimsækjum rómönsk-gotnesku dómkirkjuna Catedral de Nossa frá 12. öld sem vekur athygli fyrir sína tvo



ósamhverfu turna. Borgin hefur að geyma ótrúlega merkar og fallegar byggingar eins og gamla háskólann og beinakapelluna Capela dos Ossos þar sem veggir og loft kirkjunnar eru þakin mannabeinum. Eftir skemmtilega skoðunarferð verður frjáls tími til að njóta borgarinnar á eigin vegum áður en ekið verður á hótél. Um kvöldið fáum við svo að njóta Fado kvölds, klassískrar portúgalskrar tónlistar ásamt kvöldverði á einu af veitingahúsum borgarinnar.

### 18. september | Óbidos, Batalha & Coimbra

Nú kveðjum við fallegu borgina Lissabon eftir ljúfa daga og stefnan verður tekin á háskólaborgina Coimbra þar sem gist verður í eina nótt. En á leiðinni þangað ætlum við að staldra við í miðaldavirkisbænum Óbidos í héraðinu Estremadura. Bærinn er þekktur fyrir vel varðveittan miðaldabæ sem er umlukinn borgarmúrum sem hægt er að ganga eftir. Óbidos ber titilinn bókmenntaborg UNESCO og hér er á hverju ári haldin alþjóðlega bókmenntahátíðin Fólío. Eftir góðan tíma hér heldur ferð áfram til litla, friðsæla bæjarins Batalha. Farð verður í skoðunarferð um fallegt klaustur sem staðsett er í bænum en eftir það verður gefin tími til að kynna sér líf bæjarbúa áður en ekið verður til gömlu háskólaborgarinnar Coimbra þar sem gist verður í eina nótt. Sameiginlegur kvöldverður.



### 19. september | Töfrandi dagur í Aveiro & Porto



Nú kveðjum við borgina Coimbra og höldum til Porto en á leiðinni þangað verður áð í yndislega bænum Aveiro. Hér áður fyrr héldu sjómenn frá Aveiro á ríkuleg fiskimið Nýfundnlands sem færðu borginni mikla velmegun. Í dag er Aveira betur þekkt fyrir sín litlu síki sem liggja í gegnum miðbæinn og gefa borginni mikinn sjarma. Það er upplifun að röltu um Beira Mar, gamla bæinn í mynni Aveiro lónsins, þar sem falleg,

litskrúðug hús í bland við saltvöruhús og síki borgarinnar láta mikið yfir sér. Hér er upplagt að fá sér hádegishressingu og njóta staðarins áður en við höldum til borgarinnar Porto þar sem gist verður í fimm nætur á góðu hóteli. Kvöldverður á eigin vegum.

### 20. september | Skoðunarferð í Porto

Í dag förum við í töfrandi skoðunarferð um Porto. Borgin er önnur stærsta borg landsins með um 240.000 íbúa en elsti hluti hennar er nú á heimsminjaskrá UNESCO. Porto er staðsett við mynni Douro fljótsins en fyrr á öldum voru hér mörg skip kaupmanna og landkönnuða smíðuð. Porto dregur nafn sitt af þúrtvíninu Porto en hér er að finna ræktunarsvæði þessa fræga þúrtvíns sem er flutt út um allan heim. Borgin er þekkt



fyrir fagrar barokkkirkjur, granítarkitektúr og sína frægu járnbrautarstöð frá árinu 1896. Hún þykir mikið augnayndi og er talin ein fallegasta járnbrautarstöð Evrópu en inngangur hennar er allur skreyttur flísamálverkum sem vísa í mikilvæga atburði í sögu Portúgals. Hvert sem litið er má hér finna merkar minjar eins og elstu járnbrautarbrúna yfir Douro, Ponte Maria Pia, sem var við vígsluna 1877 lengsta járnbogabrá í heimi. Brúin var hönnuð af Alexandre Gustave Eiffel, hönnuði Eiffel turnsins fræga í París. Eftir hádegi gefst svo frjáls tími á eigin vegum til að röltu um bæinn þar sem t.d. væri áhugavert að heimsækja Lello bókabúðina sem er einkar sjarmerandi. Nú eða fara upp í hinn 76 metra háa turn São Pedro dos Clérigos kirkjunnar sem býður upp á dásamlegt útsýni yfir borgina og er hennar helsta kennileiti. Sameiginlegur kvöldverður.

## 21. september | Sigling á Douro



Ævintýri gerast enn, nú verður ekið til Pinhao í Douro dalnum en í dag ætlum við í töfrandi siglingu á Douro ánni. Áin er lífæð Portúgal og er þriðja lengsta á Íberíuskagans, u.þ.b. 900 km að lengd og þar af eru 122 km sem mynda landamæri Spánar og Portúgals. Undurfagurt landslagið fangar okkur þar sem við siglum meðfram litlum, fallegum þorpum um eitt elsta landnámssvæði Portúgals. Rakt loftslagið, í bland við loftslag

Atlantshafsins, gerir svæðið afar hentugt til rætkunar á grænmeti, korni, ólífum og víni. Innan Alto Douro vínræktarsvæðisins er afmarkað svæði sem er sérstaklega hentugt til rætkunar á hinu þekktu púrtvíni Portúgala. Við endum þennan yndislega dag með smökkun á góðum vínnum héraðsins. Kvöldverður á eigin vegum.

## 22. september | Braga & Guimarães

Eftir góðan morgunverð höldum við til gömlu borgarinnar Braga sem er fyrir sínar mörgu og fögru kirkjur stundum kölluð Róm Portúgals. Við skoðum okkur aðeins um áður en haldið verður til fyrstu höfuðborgar Portúgals, Guimarães, en hér fæddist konungurinn Alfonso Henriques sem frelsaði landið undan málum. Við heimsækjum Castelo de Guimarães, rómverskt kastalavirki frá 10.



öld, sem er eitt það best varðveitta frá þessum tímum og er, eins og svo margar minjar og bæir á þessum slóðum, á heimsminjaskrá UNESCO. Á ferð okkar um borgina sjáum við margar litlar götur, verslanir, torgið fallega Largo da Oliveira og kirkjuna Nossa Senhora da Oliveira svo eitthvað sé nefnt. Hér gefum við okkur góðan tíma í þessum yndislega bæ til að njóta og upplagt að fá sér hressingu á Oliveira torginu. Sameiginlegur kvöldverður.

## 23. september | Frjáls dagur í Porto

Nú er komið að frjálsum degi og um að gera að kíkja í verslanir, kaffihús eða bara njóta og slaka á. Fyrir þá sem vilja kynna sér áhugaverðar byggingar Porto er vert að nefna hina sögulegu kauphöll borgarinnar frá 1830, Palácio da Bolsa, sem er sérlega glæsilega innréttuð og átti að laða að fjárfesta til borgarinnar. Eins er mikil upplifun að skoða arabahöllina, Salão Árabe, en fyrirmynd hennar er að finna í Alhambra í Granada á Spáni. Rölt um elsta hluta borgarinnar, Ribeira, færir mann enn nær sögu þessarar fallegu borgar en hverfið er á heimsminjaskrá UNESCO. Sameiginlegur kvöldverður.

## 24. september | Heimferð

Það er komið að kveðjustund eftir ljúfa og skemmtilega ferð. Árla morguns verður lagt af stað á flugvöllin í Lissabon. Brottför frá Lissabon flugvelli er kl. 15:00 og landing í Keflavík kl. 18:25 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



## Verð

**499.900 kr. á mann í tvíbýli** | 179.000 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Portúgölsk Fadó tónlistarsýning með kvöldverði.
- ✓ Fjórir kvöldverðir.
- ✓ Smökkun á Pasteis de Nata.
- ✓ Aðgangseyrir að kirkjunni Igreja de São Francisco og Capela dos Ossos.
- ✓ Aðgangseyrir í höllina Quinta da Regaleira.
- ✓ Aðgangur að klaustrinu de Batalha.
- ✓ Sigling á ánni Douro.
- ✓ Púrtvín og vínsmökkun.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



## Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur aðrar en þær sem eru innfaldar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Sex kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.

## Hótel

- ✓ Lissabon – HF Fenix Urban Lisbon
- ✓ Coimbra – verður tilkynnt síðar
- ✓ Porto – Timbre Hotel Heroismo

## Nánari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.